

Ár 1973, laugardaginn 30. júní, var kveðinn upp af Yfir-  
fasteignamatsefnd í málinu nr. 12/1973 svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Reykjavíkurborg hefur árin 1972 og  
1973 lagt fasteignaskatt á fasteignir Tilraunastöðvar Háskólans  
í meinafræði að Keldum. Um er að ræða þrjár sérskráðar og sér-  
metnar fasteignir, og er skráning þeirra og skipting í mats-  
hluta samkvæmt fasteignaskránni aðal mats þessi:

Vesturlbr. Keldur 2.9--.-99

- 00 Vesturlbr. Keldur
- 01 Keldur Rannsóknarst. 1
- 02 Keldur Rannsóknarst. 2
- 03 Keldur íbúðarhús
- 04 Keldur dýrahús 1
- 05 Keldur dýrahús 2
- 06 Keldur dýrahús 3
- 07 Keldur hesthús og hlaða
- 08 Keldur haughús
- 09 Keldur vélageymala
- 10 Keldur spónageymsla
- 11 Keldur fjárhús og hlaða
- 12 Keldur íbúð og geymsla
- 13 Keldur fjárhús og hlaða
- 14 Keldur fjárhús og voth.
- 15 Keldur bílsk. og verkst.

Vesturlbr. Grafarhl. 2.99--.-99

- 00 Vesturlbr. Grafarhl.
- 01 Vesturlbr. hesthús
- 02 Vesturlbr. fiskeldish.
- 03 Vesturlbr. fiskeldish.
- 04 Vesturlbr. Pétursborg

Vesturlbr. Grafarholt 2.99--.-98

- 00 Vesturlbr. Grafarholt
- 01 Vesturlbr. íbúð

Með bréfi, dags. 5. október 1972, var þess farið á leit við  
borgaryfirvöld af hálfu tilraunastöðvarinnar, að fasteignaskattur  
af fasteignum hennar yrði felldur niður. Því erindi var hafnað,  
sbr. bréf Reykjavíkurborgar, dags. 14. febrúar 1973. Hefur málinu  
síðan verið skotið til úrlausnar Yfirfasteignamatsefndar með  
bréfi tilraunastöðvarinnar, dags. 16. febrúar 1973. Af hálfu til-  
raunastöðvarinnar er því haldið fram, að ofangreindar fasteignir  
hennar séu undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga  
nr. 9/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Er meðal annars á það  
bent, að tilraunastöðin sé háskólastofnun lögum samkvæmt, enda  
fari þar fram nokkur kennsla, en meginviðfangsefnið sé þó rann-  
sóknir.

I brófi tilraunastöðvarinnar, dags. 20. apríl 1973, er síðan rökstutt, að framangreindar fasteignir séu í heild nauðsynlegar fyrir starfsemi stöðvarinnar.

Saukvæmt lögum nr. 11/1947 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í aðalnáttúru er stofnun þessi tengd Háskóla Íslands. Er hún yfirleitt talin háskólastofnun, enda fer þar fram nokkur kennsla og einnig hafa háskólakennarar fengið þar vanskönnunarsatöðu. Verður að telja, að tilraunastöðin falli undir undanþáguákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Þar sem starfsemi tilraunastöðvarinnar verður ekki talin fara fram í ágóða- eða atvinnuskyni, kemur aðeins til athugunar, hvort framangreindar fasteignir séu að öllu leyti undanþegnar fasteignaskatti. Þar sem þar séu í heild nauðsynlegar fyrir starfsemi stöðvarinnar.

Nægileg rök hafa verið færð fram fyrir því, að dýrabald og búskotur sé nauðsynlegur þáttur í starfsemi tilraunastöðvarinnar. Mannvirki og land, sem notuð eru í því skyni, eru því einnig undanþegin fasteignaskatti. Einnig hefur verið sýnt fram á nauðsyn þessa, að umsjónarmaður búna og dýra sé búsettur á staðnum. Af þeim sökum er hús það, sem hann býr í, undanþegið fasteignaskatti, en lagaskilyrði brestur til frókarí undanþágu íbúðarhúsnæðis.

Saukvæmt því, sem nú framan hefur verið rakið, er óskýlt að svara fasteignaskatti af ofangreindum þremur fasteignum, að frátöldum matshlutum 02 og 12 fasteignarinnar Vesturlbr. Keldur (staðgr. 2.99-.-99) og matshlutum 02 og 03 fasteignarinnar Vesturlbr. Grafarhl. (staðgr. 2.99-.-99). Einnig verður að telja rétt, að með matshlutum þessum sé skattlagt land, sem talið verður hefðlegt, að þeim fylgi. Nánari ákvörðun um það heyrir hins vegar ekki á þessu stigi undir Tírfasteignamatssnefnd. Ef ágreiningur yrði um skiptingu fasteignamatsverðs lands að því leyti, eiga millimatssnem í Reykjavík að ákveða þana, sbr. meglareglur 6. gr. laga nr. 8/1972 og 7. - 8 gr. reglugerðar nr. 320/1972.

#### Ú R S K U R Ð A R Ö R Ð :

Óskýlt er að svara fasteignaskatti af fasteignum Vesturlbr. Keldur (staðgr. 2.99-.-99), Vesturlbr. Grafarhl. (staðgr. 2.99-.-99) og Vesturlbr. Grafarholt (staðgr. 2.99-.-99), að frátöldum matshlutum 02 og 12 fasteignarinnar Vesturlbr. Keldur og matshlutum 02 og 03 fasteignarinnar Vesturlbr. Grafarholt (ásamt hefðlegu landi).

Gaumur Jónsson

Torfi Ásgórasson

Fálmí Jónsson